

Reykjavík 8. mars 2021

**Alþingi Íslendinga**  
**Nefndarsvið**  
**101 Reykjavík**

**Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um nýtingu lands í eigu ríkisins í atvinnuskyni, þingskjal 900, mál 538.**

Samorka veitti þann 7. desember umsögn um málið í Samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. 252/2020 og gerði þar ýmsar athugasemdir við framsetningu málsins og þá samspil milli lagatexta annars vegar og texta í greinargerð hins vegar.

Tekið hefur verið tillit til þessara athugasemda varðandi umfjöllun um 26. gr. frumvarpsins í greinargerð. Í inngangskafli og í umfjöllun um 2. gr. frumvarpsins eru hins vegar enn tilvísanir til þess að beita megi efni laganna um aðra samninga eins og um auðlindanýtingu til orkuvinnslu þrátt fyrir að löggin kveði skýrt á um að þau gildi ekki um slíka samninga.

Samorka áréttar að úr þessu ósamræmi sé bætt. Rétt er að taka fram að með þessari athugasemd felst engin afstaða af hálfu Samorku varðandi nýtingarsamninga um orkuvinnslu almennt. Þvert á móti hefur Samorka í umsögnum sínum ítrekað bent á nauðsyn þess að um þessa nýtingu gildi skýr lagarammi og þá ákvörðun auðlindagjalda sem slíkir nýtingu eiga að fylgja.

Um nánari lýsingu á [athugasemdum Samorku vísast til ofangreindar umsagnar í Samráðsgáttinni](#).

**Virðingarfyllst,**  
**f.h. Samorku**

*Baldur Dýrfjörð lögfræðingur*